

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Airapy 100%, lyfjagas undir þrýstingi

Lyfjaloft

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
-
- Látið lækningurinn, lyfjafræðingurinn eða hjúkrunarfræðingurinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Airapy og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Airapy
3. Hvernig nota á Airapy
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Airapy
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Airapy og við hverju það er notað

Airapy inniheldur loft sem er notað til innöndunar..

Airapy kemur í staðinn fyrir andrúmsloft þar sem þörf er á agnafríu lofti, t.d.:

- Sem hluti af fersku loftflæði í öndunarméðferð og/eða í sambandi við svæfingu.
- Sem drífefni við innöndun annarra lyfja (meðferð með eimgjafa)
- Sem hreint loft við meðferð sjúklinga með bælt ónæmiskerfi svo sem við ígræðslu líffæra eða frumna eða meðferð útbreiddra brunasára.

2. Áður en byrjað er að nota Airapy

Meðganga og brjóstgjöf

Nota má Airapy á meðgöngu.

Nota má Airapy við brjóstgjöf.

3. Hvernig nota á Airapy

Notaðu ætíð Airapy eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um. Spyrðu lækni, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing ef þú ert óviss. Airapy má nota fyrir börn, fullorðna og aldraða.

Airapy er notað til innöndunar. Airapy er yfirleitt andað inn um súrefnisglæraugu eða andlitsgrímu. Annað hvort andar sjúklingurinn því inn sjálfur (sjálfkrafa öndun) eða öndun er aðstoðuð með hjálp öndunar-/loftunartækis. Airapy er einnig hægt að nota við innöndun lyfja (eimgjafa).

Airapy má blanda með lyfjasúrefni þegar þörf er á meiri súrefnisstyrk.

Ef þú hefur frekari spurningar um lyfið hafðu samband við lækni, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing.

Öryggisleiðbeiningar

- Airapy er aðeins ætlað til lækninga.
- Tengid hylkið aðeins við tengingu sem ætluð er fyrir Airapy.
- Þar sem lyfjaloft er notað eru reykingar eða opinn eldur bönnuð.
- Haldið hylkinu hreinu, þurru og lausu við olíu eða feiti.
- Skrúfið fyrir búnaðinn þegar hann er ekki í notkun.
- Ef upp kemur eldur – skal slökkva á búnaðinum.
- Þrýstijafnarann verður að opna varlega.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Airapy er samþjappað loft og er eingöngu notað í staðinn fyrir venjulegt andrúmsloft, því það eru engar aukaverkanir í tengslum við notkun Airapy.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækning, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Airapy

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota þetta lyf eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiða hylkisins.

Geymið hylkin á sérstökum stað fyrir lyfjalofttegundir (gildir ekki fyrir heimahús).

Meðhöndlið varlega. Tryggið að þrýstihylkin detti ekki eða verði fyrir höggi.

Geymið og flytjið með skrúfað fyrir loka og setjið hylkjahettu/öryggishlíf á sinn stað ef hún er til staðar.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Airapy inniheldur

- Virka innihaldsefnið er lyfjaloft, 100%.
- Það eru engin önnur efni í Airapy

Lýsing á útlit Airapy og pakkningastærðir

Lyfjaform: lyfjagas, undir þrýstingi

Airapy er litar- og lyktarlaust lofttegund.

Öxl hylkisins er merkt með svartri og hvítri málningu (loft). Meginhluti hylkisins er hvítur (lyfjalofttegund).

Í Finnlandi getur neðri hluti hylkis einnig verið blágrænn.

Hylki/búnt fyllt að 200 börum gefa u.þ.b. X lítra af lofttegund við staðalloftþrýsting og 15°C samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stærð hylkis í lítrum	2	2,5	3	4	5	10	20	50
Lítrar lofttegundar	390	490	580	780	980	1.960	3.920	9.800

Stærð búnts í lítrum	12x50
Lítrar lofttegundar	118.000

Ekki er víst að allar pakkingastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi:

Linde Gas
 BOX 30193
 104 25 Stockholm
 Svíþjóð

Upplýsingar:

Linde Healthcare – Linde Gas ehf
 Breiðhöfða 11
 110 Reykjavík
 Sími: 577 3030

Framleiðendur

Linde Gas AB
 Baltzar von Platens gata 4-6
 749 47 Enköping
 Svíþjóð

Linde Gas ehf
 Breiðhöfða 11
 110 Reykjavík

Linde GmbH
 Seitnerstr. 70
 82049 Pullach
 Þýskaland

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Danmörk- Airapy
 Eistland- AIRAPY
 Finland- Airapy
 Ísland- Airapy
 Lettland- AIRAPY
 Noregur- Airapy
 Svíþjóð- Airapy
 Þýskaland- Aer medicinalis Linde

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í janúar 2022.

Ítarlegar upplýsingar um þetta lyf eru birtar á <http://www.serlyfjaskra.is>